

**Ed.**

**44. Frumvarp til laga**

[42. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 19 frá 5. apríl 1971.

Flm.: Eiður Guðnason.

**1. gr.**

2. mgr. 13. gr. laganna hljóðar svo:

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, aðrir tekjustofnar, sem Alþingi kann að ákveða, og næstu 3 ár frá gildistöku þessara laga aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum og hlutum í þau. Tekjum af aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum í þau skal varið til stofnkostnaðar sjónvarps.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Ríkisútvarpið hefur lengi átt við fjárhagsörðugleika að etja. Á árinu 1979 var rekstrarhalli Ríkisútvarpsins-Sjónvarps 358.5 millj. kr. og rekstrarhalli Hljóðvarpsins 86.1 millj. Ljóst er, að á yfirstandandi ári stefnir í verulegan hallarekstur hjá stofnuninni, sennilega tvöfaldast hallinn frá árinu 1979. Hér er vissulega um alvarlegt mál að ræða.

Ástæður þessa mikla hallarekstrar eru einkum af tvennum toga: Lengi vel var það svo, að Ríkisútvarpið-Sjónvarp naut tekna af aðflutningsgjöldum sjónvarpstækja og hluta til þeirra. Kom þetta til á árinu 1964, er með lögum um tollskrá nr. 15/1964 var gerð sú breyting á þágildandi lögum um tollskrá nr. 7/1963, að við heimildir fjármálaráðherra í 3. gr. tollskrárlaga var bætt með tölulið heimild fjármálaráðherra til „að ákveða að aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum í þau megi verja til stofnkostnaðar Sjónvarps“.

Þetta fyrirkomulag var síðan óbreytt allt þar til lög nr. 120/1976 tóku gildi, sbr. lög nr. 63/1968, nr. 3/1969, nr. 1/1970 og nr. 6/1974. Heimildarákvæði þetta var síðan fellt niður, þegar lög nr. 120/1976 felldu lög nr. 6/1974 úr gildi, þar sem hliðstætt ákvæði var ekki að finna í þeim lögum. Heimildarákvæðið hefur ekki verið lögleitt að nýju.

Hér er gerð tillaga um, að útvarpslög kveði svo á að Ríkisútvarpið fái þennan tekjustofn að nýju um takmarkaðan tíma.

Ef Ríkisútvarpið hefði notið þessa tekjustofns á árinu 1979, hefði hann fært því 1157 milljón kr. tekjur til uppbyggingar dreifikerfis og til kaupa á tækjum og búnaði.

Í ár er líklegt, að tekjur ríkissjóðs af innflutningi sjónvarpstækja nemi um 1 milljarði kr. Ríkisútvarpið fær ekkert af því fé, en þess í stað er stofnuninni af hálfu ríkissjóðs boðið upp á 450 milljón kr. lán. Þegar Ríkisútvarpið var svipt þessum tekjustofni kreppti mjög verulega að fjárhag þess. Þrengri fjárhagur hefur einkum komið niður á framkvæmdum við dreifikerfið, dreifingu sjónvarps um landið og kaupum á tækjum og búnaði. Framkvæmdir við dreifikerfið hafa verið í algjöru lágmarki, og gildir hið sama um kaup á nauðsynlegum tækjum og búnaði til dagskráargerðar.

Önnur meginástæða fjárhagsvanda Ríkisútvarpsins er sú, að afnotagjöld koma inn í vísitölu framfærslukostnaðar og hafa þar með áhrif í átt til kauphækkana í landinu. Hefur því verið rík tilhneiging hjá stjórnvöldum til að leyfa ekki nema mjög óverulegar hækkanir afnotagjalda. Ekki er óeðlilegt að gerður sé samanburður á áskriftarverði dagblaða og afnotagjaldi útvarps og sjónvarps. Þegar Ríkisútvarpið hóf göngu sína fyrir réttum 50 árum var afnotagjald útvarps 30 kr. á ári. Þetta sama ár var áskriftarverð dagblaðs 24 kr. á ári. Í ár lætur nærri, að áskriftargjald dagblaðs sé 60 þús. kr. á ári, en afnotagjald útvarps er hins vegar ekki nema 19 300 kr. á ári, eða  $\frac{1}{3}$  af dagblaðsáskrift. Þegar sjónvarp hóf göngu sína á árinu 1966 lét nærri, að afnotagjaldið væri tvöföld upphæð þess, sem þá kostaði að vera áskrifandi að dagblaði í eitt ár. Nú hins vegar á árinu 1980 er samanlagt afnotagjald útvarps og svart/hvíts sjónvarps 59 100 kr. eða ívið ódýrara en árs áskrift að dagblaði.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á afnotagjaldi útvarps og áskriftarverði dagblaðs á árabílinu 1930—1980:

**Samanburður á afnotagjaldi útvarps og áskriftarverði dagblaðs 1930—1980.**

	Afnotagjald útvarps í kr. á ári	Áskriftarverð dagblaðs í kr. á ári
1930 .....	30	24
1939 .....	30	36
1948 .....	100	120
1953 .....	200	240
1958 .....	200	390
1963 .....	400	840
1968 .....	820	1 480
1973 .....	1 720	3 630
1978 .....	9 500	23 915
1979 .....	12 800	39 500
1980 .....	19 300	60 000

Hér er lagt til að næstu þrjú árin fái Ríkisútvarpið að nýju tekjur af aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum til þeirra. Miðað er við þrjú ár, í þeirri von að á þeim tíma fáiast eðlileg leiðrétting á afnotagjöldum stofnunarinnar þannig að hún þurfi ekki á mörkuðum tekjustofnum að halda, heldur geti starfað eðlilega innan ramma tekna sinna af afnotagjöldum og auglýsingum.

Um þessar mundir eru uppi áætlanir um veglega húsbyggingu fyrir Ríkisútvarpið. Ekki sýnist öllum eitt um þá fyrirhuguðu framkvæmd, en hitt er ljóst öllum, sem til þekkja, að Ríkisútvarpið, einkum Hljóðvarpið, býr nú við gjörsamlega óviðunandi aðstöðu í húsnæðismálum og að því er varðar starfsaðstöðu alla. Þótt byrjað væri á fyrirhugaðri nýbyggingu Ríkisútvarpsins nú strax er ljóst að líða mundu 3—5 ár þangað til starfsemin gæti flust þangað. Ljóst er því, að alveg á næstunni verður að gera ráðstafanir til að leysa húsnæðisvanda Ríkisútvarpsins. Það mun kosta verulegt fjármagn. Sömuleiðis er ljóst, að alveg á næstunni verður að hefjast handa um framkvæmdir við nýja langbylgjustöð. Loftnetsmöstur langbylgjustöðvarinnar á Vatnsenda, sem mjög eru komin til ára sinna, eru að mati sérfræðinga að hruni komin. Ný langbylgjustöð mun varlega áætlað kosta 2½—3 milljarða kr. Enn hafa ekki verið birtar neinar áætlanir um, hvernig fjármagna skuli byggingu nýrrar langbylgjustöðvar, sem þó er óhjákvæmileg og brýn nauðsyn að ráðist verði í hið allra fyrsta.

Af því, sem hér hefur verið talið, má ljóst vera, að Ríkisútvarpið er fjárhagslega aðkreppt stofnun og valda því aðgerðir stjórnvalda, sem annars vegar hafa numið brott fasta tekjustofna og hins vegar synjað um eðlilegar hækkanir afnotagjalda.

Miklar kröfur eru gerðar til Ríkisútvarpsins. Það á í senn að vera eitt mesta menningartæki þjóðarinnar og ekki síður öryggistæki í þágu allra landsmanna. Ekki er vansalaust, hvernig að þessari stofnun, sem nú hefur starfað í hálföld, hefur verið búið. Sú breyting á útvarpslögum, sem hér er lögð til, er hugsuð sem spor í þá átt að bæta fjárhag og stöðu Ríkisútvarpsins og stuðla þannig að því, að það megi betur þjóna hlutverki sínu sem menningarstofnun allra landsmanna.